Gunnar Bragi Sveinsson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

30. maí 2016

Strandveiðar 2016 – mikil þörf á auknum aflaheimildum á svæði D vegna breyttra forsenda.

Í bréfi Landssambands smábátaeigenda til yðar frá 6. þessa mánaðar var eftir því leitað að aflaviðmiðun í þorski til strandveiða yrði hækkuð í 9.500 tonn. Þannig héldi viðmiðunarafli þorsks til strandveiða í við aukningu heildarafla í þorski sem verið hefur frá árinu 2011.

Krafa LS er hér með ítrekuð.



Í bréfi LS var m.a. vakin athygli á óánægju félagsmanna með ákvörðun yðar um að lækka aflaviðmiðun á svæði D um 200 tonn. Á það var bent að með henni væri verið að ganga útfrá ákveðnum forsendum.

Strandveiðum í maí lýkur eftir aðeins tvo daga. Áberandi er hversu gangur þeirra hefur verið breyttur á svæði D miðað við sl. ár. Mikil fjölgun báta og áberandi er að ungir og upprennandi sjómenn hafa ákveðið að hasla sér völl í strandveiðum. Gæftir hafa verið með albesta móti og aflabrögð með því besta sem sést hefur á svæðinu.

Taflan sýnir samanburð strandveiða á svæði D í maí 2015 og í ár.

Strandveiðar í maí árin 2016 og 2015		
	2016	**2015**
Veiðidagar	12	14
Fjöldi báta	115	86
Fjöldi sjóferða	860	412
Afli [tonn]	531 tonn	202 tonn
Afli pr. bát	4,62 tonn	2,35 tonn
Afli pr. róður	617 kg	490 kg
Afli pr. dag	44,2 tonn	14,4 tonn
Aflaviðmiðun	520 tonn	600 tonn

Áhrifa ákvörðunar um skerðingu heimilda á svæðinu gætti því strax í maí. Hefðu að óbreyttu 600 tonn verið til viðmiðunar hefði verið hægt að róa allan mánuðinn eins og í fyrra.

Það sjónarmið sem ekki hefur verið haldið mikið á lofti er skipulagning veiðanna. Þeir nýju aðilar sem bæst hafa við á svæðinu höfðu gengið útfrá þeirri viðmiðun sem verið hefur undanfarin ár auk þess að vænta einhverra viðbótar. Áætlanir um tekjur og afkomu hafa gengið útfrá þessum þáttum. Með ákvörðun um skerðingu á svæðinu hafa áætlanir riðlast og óvissa um skuldaskil orðið til. Sé tekið mið af meðalafla í róðri má ætla að upp á vanti um 300 þúsund í aflaverðmæti.

Landssamband smábátaeigenda skorar á yður að bæta nú þegar 200 tonnum við veiðiheimildir á svæði D útfrá forsendubresti sem komið hefur í ljós eftir veiðar í maí.

Virðingarfyllst

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri